

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Hörður Oddfríðarson, Viktoría Gísladóttir, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliðsmála, Elsa María Guðmundsdóttir, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Júlía Þorvaldsdóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir, Árni Stefánsson

**Afboða, mæta ekki :** Oddur Örnólfsson

**Fundur 22.03.2023 settur kl. 18.30**

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

**2. Mót og starfsemi**

- a. ÍM50 verður haldi í Laugardalslaug 1-3. Apríl nk. Mótið er haldið í samvinnu við Sundráð Reykjavíkur. Undirbúningur fyrir mótið gengur vel. Keppendur verða 177 keppendur frá 18 liðum.
- b. Sundþing verður haldið þann 27. Apríl n.k. Búið er að senda út fyrsta fundarboð og dagskrá og kjörbréf verða send út í vikunni. Farið var yfir dagskrá þingsins, kosningar til stjórnar og helstu mál. Sérstakur stjórnarfundur verður haldin 12. apríl vegna þingsins.
- c. Farið hefur verið yfir þjónustugjöld og verið er að vinna tillögu að breytingum á þeim sem leggja á fyrir sundþing.
- d. Breytingar World Aquatics og LEN á aldursflokkum. Breytingarnar eru að sundfólk á aldrinum 14-18 ára eru gjaldgengir á EMU í sumar. Fyrir breytingar voru piltar á aldrinum 15-18 ára og stúlkur á aldrinum 14-17 ára. Rætt var um hvernig við bregðumst við þessari breytingu en hún kallar á breytingar á skipulagi okkar og afreksstarfi. SSÍ mun leyfa stelpum 18 ára að fara á EMU í ár og gefin hafa verið út lágmörk fyrir það.
- e. Endurskoðun á reglugerð um afrekssjóð. ÍSÍ hélt fund með forsvarsmönnum sérsambanda og farið var yfir þær tillögur að breytingum sem hafa borist ÍSÍ. Engin niðurstaða varð á fundinum en bundnar eru miklar vonir við störf Vésteins Hafsteinssonar sem afreksstjóra ÍSÍ.
- f. Fundað var með ÍBR vegna RIG samstarfsins. Farið var yfir það sem vel gekk og einnig það sem betur mál fara. Það eru líkur á því að RIG helgin verði færð um nokkrar vikur inn í mars mánuð en ef það mun gerast mun það ekki verða fyrir en árið 2025 í fyrsta lagi. Ef sú breyting yrði að veruleika væri ekki hentugt fyrir SSÍ að vera með í því samstarfi vegna annara verkefna.
- g. Farið var yfir ramma af uppgjöri fyrir árið 2022. Eins og við var búist þá varða um 6 milljóna tap á rekstri SSÍ á síðasta ári aðallega vegna uppsafnaðra verkefna sem frestað var á Covid árum. SSÍ hefur skilað góðu búi síðastliðin ár og á SSÍ varúðarfærslur frá fyrri árum til að mæta rekstrartapi.
- h. Leifur Guðni fór yfir stöðuna á uppfærslu á tölvukerfum SSÍ og prufukeyrslu sem gerð var á SH móti í byrjun mars. Nýja kerfið lítur mjög vel út og verður bylting fyrir hreyfinguna.
- i. Farið var yfir reglur varðandi stöðugildi félaga á mótum. Viktoría og Leifur Guðni koma með tillögu að orðalagi að breytingu á reglugerð um mönnum móta eftir umfangi hvers móts fyrir sig.

- j. Rætt var um reglugerð um stigasöfnun dómara á mótum. Dómarnefnd kemur með tillögu að breytingu á reglugerðarkafli um dómara til að leggja fyrir sundþing.
- k. Samþykkt var að setja sagnaritun um sögu sundsins á bið vegna óvissu í fjármálum. Beðið verður um þau gögn skrifuð hafa verið hingað til frá Sigmund Ó Steinarssyni sagnarritara.

### 3. Afreksmál

- Æfingabúðir á Tyrklandi gengu vel og var aðstaða frábær.
- Það eru mörg verkefni framundan bæði innanlands og utan.

### 4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Fundur dómarnefndar nr 116

### 5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Aþena Lóa Ásbjörnsdóttir <i>Staðfest</i>	SH	ÍA	13.02.2023	14.03.2023

### 6. Staðfesting meta

Setja inn met frá Ásvallamóti 3 met plús Garpar

#### 50 metra laug

Íslandsmet Konur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
--------	-------	--------	-------	-------	--------

#### 50 metra laug

Íslandsmet Karlar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
--------	-------	--------	-------	-------	--------

Unglingamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
50m bringusund	Snorri Dagur Einarsson	SH	00:28,85	11.03.2023	Hafnarfjörður

Unglingamet stúlkur

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
--------	-------	--------	-------	-------	---------

Aldursflokkamet strákar

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
800m skriðsund	Hólmar Grétarsson	SH	08:46,91	11.03.2023	Hafnarfjörður
1500m skriðsund	Hólmar Grétarsson	SH	16:27,20	11.03.2023	Hafnarfjörður

### 7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
16.02.2023	Heilahristingur	ÍSí/HR
20.02.2023	Áætlaður útbreiðslustyrkur	ÍSí
20.02.2023	NSF minutes	Pasi/Finnland
28.02.2023	Bréf frá Vésteini	ÍSí
02.03.2023	The Len European U23	LEN
03.03.2023	Officials Nomination	LEN
03.03.2023	Lýðhelsuverðalaunin	ÍSí
08.02.2023	Ársreikngur /árskýrsla SH	SH
13.03.2023	Antalya Bureau news summary	LEN

13.03.2023	LEN Bidding Procedure	LEN
13.03.2023	Fundur varðandi afrekssjóð	ÍSí
15.03.2023	LEN Congress	LEN
15.03.2023	Íþróttabing 5. maí 2023	ÍSí

## 8. Önnur mál:

- a. LEN Congress verður haldin í Portúgal 16. sept.
- b. Formaður og framkvæmdastjóri sátu fund með formanni BSÍ (Badminton) og skiptust á reynslusögum tengt báðum íþróttum og þá sérstaklega alþjóðlegum mótum sem haldin eru hér á landi.
- c. Viktoría Gísladóttir sat aðalfund SH fyrir hönd stjórnar SSÍ sem haldin var í byrjun mars. Bjarney Guðbjörnsdóttir og Leifur Guðni sátu aðalfund ÍA í sömu viku en þessi tvö félög hafa verið dugleg að bjóða stjórn SSÍ að sitja aðalfundi sína.
- d. Farið var yfir skýrslu um mannvirkjamál sem er á lokastigi. Kanna þarf að hvort að allar athugasemdir hafa ekki skilað sér inn í skýrsluna og klára þarf kafla um Bakkapláss, aðstöðu dómara og geymslu tækjabúnaðar. Hönnuður getur byrjað á að setja skýrsluna upp.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 20.00